

# Móttaka á þurrkuðu byggi frá bændum haustið 2019

## Gæðaflokkun á byggi

Þrjú þættir eru notaðir við mat á korninu: þroskastig, þurrefnisinnihald og hreinleiki kornsins. Auk þess skal tryggt að ekki sé hiti í korninu við móttöku.

Þroskastig kornsins er metið útfrá rúmpýngd (g/lítra) þurrkaðs korns, rakastigið er mælt og hreinleiki kornsins er metinn með sjónmati.

### 1. flokks korn

Korn með rúmpýngd 600 g/lítra eða hærra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

### 2. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 550 til 599 g/lítra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

### 3. flokks korn

Korn með rúmpýngd á bilinu 500 til 549 g/lítra og er þá gert ráð fyrir að þurrefnisinnihald kornsins sé 88% eða hærra. Fari þurrefnisinnihald niður í 86-88 % er kornið verðfellt um 3%. Ekki skal vera sýnilegt rusl í korninu.

## Verð á þurrkuðu byggi



### A) þurrefnisinnihald 88% eða hærra

	kr án vsk	kr m/vsk	rúmpýngd
Þurrkað bygg 1. fl	34,00	42,16	=> 600 g/ltr
Þurrkað bygg 2. fl	30,60	37,94	550 - 599 g/ltr
Þurrkað bygg 3. fl	27,20	33,73	500 - 549 g/ltr

### A) þurrefnisinnihald 86-88%

	kr án vsk	kr m/vsk	rúmpýngd
Þurrkað bygg 1. fl	32,98	40,90	=> 600 g/ltr
Þurrkað bygg 2. fl	29,68	36,81	550 - 599 g/ltr
Þurrkað bygg 3. fl	26,38	32,72	500 - 549 g/ltr

Ekki er tekið á móti korni með rúmpýngd undir 500 g/lítra til kaups

Ekki er tekið á móti korni með þurrefnisinnihald undir 86%

Bústólpi áskilur sér rétt til að hafna móttöku korns ef mikið er um rusl í farminum.

Verðskráin miðast við afhendingu á korninu við verksmiðju á Akureyri.

## Vinnsla á korni

Eins og undangengin ár býðst bændum einnig að fá þurrkað korn unnið hjá Bústólpa.



### Kögglun á byggi

Við kögglun á byggi er tekið ákveðið vinnslugjald á hvert kg sem unnið er. Gjaldið er breytilegt eftir magni þar sem uppstartskostnaður deilist niður á unnið magn.

Ef unnin eru 15 tonn af fóðri eða meira er gjaldið 12 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 10-15 tonn af fóðri er gjaldið 12,50 kr pr kg án vsk

Ef unnin eru 5-10 tonn af fóðri er gjaldið 13 kr pr kg án vsk

Ekki er tekið við minna en 5 tonnum til sérvinnslu

Við kögglunina er byggið malað og blandað 4% melassa, hitameðhöndlað, kögglað og síðan kælt niður á ný. Melassin sem blandað er í er seldur sérstaklega og er kg verðið nú 68,88 kr án vsk.

### Gæði korns til vinnslu

Ekki er tekið korn til vinnslu sem er undir 500 g/lítra í rúmþyngd. Heimilt er þó að vinna slíkt korn sé því blandað við korn af fullum gæðum. Sé kornið 450-500 g/lítra getur það að hámarki verið 50% af uppskrift og aðeins 30% af uppskrift sé það 400-450 g/lítra.

### Sérblöndur

Sé óskað eftir frekari íblöndun í byggið eins og t.d próteini eða steinefnum gerum við tilboð í slíkt. Vinnslugjaldið er þá það sama og við kögglun á byggi en síðan er tekið gjald fyrir þau hráefni sérstaklega sem bætt er í blönduna.



## Móttaka á korni hjá Bústólpa

Tekið er á móti korni lausu á vögnum eða í stórsekkjum. Mikilvægt er að hafa í huga að vagna þarf að þrifa áður en þeir eru teknir til flutninga á þurrkuðu korni. Sama gildir um stórsekki þeir þurfa að vera hreinir og ónotaðir til að leyfilegt sé að nota þá undir korn sem tekið er á móti til vinnslu eða kaups.

